

Hvað býður Evrópa? Um varnarþarfir Íslands og öryggis- og varnarmálastefnu Evrópusambandsins

Auðunn Arnórsson MA í sagnfræði og
stjórnmálafræði og D.E.E.A í Evrópufræðum

2. tbl. 2. árg. 2006
Erindi og greinar



Stjórnsmál og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

Þann 30. september 2006 urðu mikil tímamót í sögu íslenska lýðveldisins. Á þessum milda haustdegi yfirgáfu síðustu bandarísku hermennirnir landið eftir látláusa athöfn á Keflavíkflugvelli, rúmum 65 árum eftir að þeir tóku sér fyrst stöðu hérlendis samkvæmt samningum um að þeir sæju Íslendingum fyrir „hvernd“.

Premur dögum áður hafði ríkisstjórnin kynnt fyrir þjóðinni nýtt samkomulag við Bandaríkjastjórn um breytt fyrirkomulag varnarsamstarfs landanna á grundvelli varnarsamningsins frá 1951. Forsætisráðherra fullyrta þá að nýja samkomulagið, sem kveður meðal annars á um að Bandaríkjamenn séu eftir sem áður skuldbundnir til varna Íslands en muni framvegis gera það með „hreyfanlegum vörnum“ í stað fastrar viðveru herliðs hér á landi, tryggði varnarhagsmuni landsins vel. Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Riga í lok nóvember vakti Geir H. Haarde forsætisráðherra aftur á móti athygli á því að eftir brottför varnarliðsins væri Ísland eina ríkið innan NATO, þar sem ekkert eftirlit væri í lofti eða viðbúnaður á friðartímum. Í ræðunni í Riga vísaði Geir til þess að nýja samkomulagið við Bandaríkin tæki aðeins til varnarviðbúnaðar á hættutímum, en eftir stæði þörfin fyrir eftirlit og viðbúnað á friðartímum. „Loftrými bandalagsins er skilgreint sem ein heild og þess vegna er þetta ekki bara okkar mál,“ sagði ráðherrann. Betri viðbúnaðar væri þörf á friðartímum, einkum til að halda uppi fullnægjandi eftirliti í lofthelginni. Því myndu íslensk stjórnvöld bera málið upp til umræðu í Norður-Atlantshafsráðinu, fastaráði bandalagsins. Ennfremur hefur ríkisstjórnin leitað eftir viðræðum við einstaka NATO-bandamenn, sérstaklega Noreg og Danmörku, til að ræða hvernig bandalagið og viðkomandi grannþjóðir geta orðið Íslendingum að liði við að bæta úr þessu og tryggja öryggi landsins til framtíðar.

Í umræðum um hvaða leiðir Íslendingum standi til boða í þessu sambandi hefur sú spurning gjarnan komið upp, hvað Evrópa hafi upp á að bjóða. Þannig var til dæmis yfirskrift fundar sem Samtök um vestræna samvinnu og Varðberg efndu til með enskum hermálasérfræðingi í byrjun nóvember þessi: „Öryggis- og varnarþörf Íslands: Er Evrópa svarið?“ Enski fyrirlesarinn, Richard Holmes frá öryggis- og varnarmáladeild Cranfield-háskóla, svaraði þessari spurningu reyndar ekki, að öðru leyti en því að hann líkti samkomulaginu sem Íslendingar hefðu nú við Bandaríkjamenn við belti, sem væri gott að hafa til að missa ekki niður um sig buxurnar. En þar sem um öryggi lands og þjóðar væri að tefla teldi hann ráðlegt að hafa axlabönd líka, og þau þyrftu Íslendingar að sækja sér með efldu varnarsamstarfi við næstu grannþjóðirnar í Evrópu. Auk þess að leggja meira af mörkum sjálfir til að tryggja eigið öryggi.

Hér verður gerð tilraun til að svara þessari spurningu betur og sjónum einkum beint að því sem Evrópusambandið hefur upp á að bjóða og þróun öryggis- og varnarmálastefnu ESB rakin og metin.

Uppruni sameiginlegu öryggis- og varnarmálastefnunnar

Spurningin hvað Evrópa – les Evrópusambandið – getur lagt af mörkum til að tryggja öryggi borgara sinna hefur verið viðfangsefni evrópskra ráðamanna alveg síðan þeir hófu að feta sig inn á braut Evrópusamrunans á sjötta áratug 20. aldar.

Á dögum kalda stríðsins blómstraði Vestur-Evrópa efnahagslega undir kjarnorkuvopnavæddri öryggishlífinni sem Bandaríkin sáu henni fyrir. Evrópuríkin styrktu einnig eigið öryggi með æ nánari efnahagssamvinnu. Efnahagslegar og félagslegar framfarir stuðluðu að friði og frelsi í Vestur-Evrópu.

Eftir hrun Sovétríkjanna var Evrópusambandinu mjög umhugað um að bæta stöðugleika, öryggi og velferð nærsvæða sinna. Síðan þá hefur Evrópusambandið fylgt stefnu sem miðar að því að færa út öryggi til nærsvæðanna, einkum og sér í lagi fyrrverandi austantjaldslandanna í Mið- og Austur-Evrópu. Þetta hefur sambandið gert meðal annars með stöðugleika- og aðlögunarsamningum við viðkomandi ríki.

Eftir að hafa horft uppá blóðbaðið á Balkanskaga í kjölfar upplausnar Júgóslavíu á fyrri hluta tíunda áratugarins skapaðist samstaða um að gera sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefnu sambandsins skilvirkari. Jafnvel þótt sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefnan hefði orðið til með Maastricht-sáttmálanum árið 1993 var það ekki fyrr en í lok tíunda áratugarins sem aðildarríkin urðu sammála um að fela ESB eitthvert hernaðarlegt hlutverk.

Fyrsti áfanginn að þessu var þegar leiðtogar Frakka og Breta ákváðu á fundi í Saint Malo árið 1998 að leggja til að ESB-ríkin legðu meira sameiginlega af mörkum til að gæta öryggishagsmuna Evrópu –

og það hernaðarlega ef þörf krefði. Forsenda fyrir þessu framtaki var grundvallarstefnubreyting af hálfu Bretlandsstjórnar, sem fram til þessa hafði ekki viljað ljá máls á slíku, bæði af ótta við að það gæti grafið undan NATO og vegna almennrar andstöðu við að framselja vald í þessum málaflokki til hins yfirþjóðlega vettvangs ESB.

Í kjölfarið komu leiðtogar þáverandi aðildarríkjanna fimmtán sér saman um það árið 1999 að koma á fót svonefndri öryggis- og varnarmálastefnu ESB (ensk skammstöfun: ESDP). Þessari stefnu, sem heyrir undir sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefnu sambandsins, er ætlað að gera Evrópu-sambandinu kleift að koma sér upp trúverðugri getu til að taka að sér verkefni á sviði áttakastjórnunar, svonefnd Petersberg-verkefni, kennd við Petersberg-höll við Bonn þar sem þau voru fyrst skilgreind í nafni Vestur-Evrópusambandsins (VES) árið 1992. Þau ná frá mannúðarhjálp, áttakastjórnun og friðargæzlu til þess að stilla til friðar með hervaldi. Þessi sömu verkefni voru gerð að verkefnum Evrópusambandsins með Amsterdam-sáttmálanum árið 1997. ESB „gleypiti“ síðan VES að mestu árið 1999, að öðru leyti en ákvæðinu um að árás á eitt aðildarríki jafngildi árás á þau öll.

Á leiðtogafundi NATO í Berlín árið 1996 var ákveðið að fela VES umsjón með uppbyggingu Evrópskrar öryggis- og varnarvitundar, ESDI, innan ramma NATO. Tilgangurinn var að gera evrópsku NATO-ríkjunum, sem öll voru einnig í VES og flest jafnframt í ESB, kleift að grípa til aðgerða, svo sem að stilla til friðar í átökum á Balkanskaga, í tilvikum þar sem NATO kysir að gera það ekki. Að hluta til var tilgangurinn jafnframt að létta byrðum af Bandaríkjamönnum, sem á þessum tíma héldu enn úti mörgum herstöðvum í Evrópu og báru mikinn kostnað af þeim.

Á leiðtogafundi í Köln árið 1999 var síðan sameiginlega öryggis- og varnarmálastefnan ákveðin, og jafnframt að skipað skyldi embætti æðsta talsmanns ESB í utanríkis- og varnarmálum, en til þess starfa var fenginn þáverandi framkvæmdastjóri NATO og fyrrverandi varnarmálaráðherra Spánar, Javier Solana.

Solana hefur margoft vísað til þeirrar ábyrgðar í alþjóðamálum sem á Evrópusambandinu hvílir í krafti stærðar þess og efnahagsmáttar. „Þróun ESDP, ásamt vilja ESB til að aðlagast breyttu öryggismálaumhverfi, markar grundvallarstefnubreytingu frá hinu hrein-borgarlega hlutverki ESB fram til þessa og mun vafalaust umbylta hlutverki sambandsins á alþjóðasviðinu,“ er fullyrt í lýsingu sérfræðinga „Alþjóðlega öryggismálanetsins“ á stefnunni.¹

Í tengslum við ákvörðunina um að stofna til öryggis- og varnarmálastefnu ESB árið 1999 var samþykkt að koma á fót 60.000 manna hraðliði til að gegna verkefnum á borð við friðargæzlu, á svæðum þar sem þau væru sammála um þörfina á slíkum aðgerðum.

Alveg fram til leiðtogafundarins í Nizza (Nice) í árslok 2000 var togazt mjög á um það innan ESB að hve miklu leyti NATO ætti að hafa eitthvað um það að segja ef ESB-ríkin vildu grípa til aðgerða sem fælu einnig í sér beitingu hervalds. Niðurstaða samþykktar ESB um þetta efni varð ótvíræð; ESB áskilur sér rétt til að taka ákvarðanir um slíkar aðgerðir, óháð NATO.

Nýja öryggis- og varnarmálastefnan varð fljótt sýnilegri en sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefnan, sem hún fellur undir. Það er fyrst og fremst hinn hernaðarlegi þáttur sem hefur gert hana sýnilegri. Hin Norðurlöndin, auk Eistlands og Lettlands, leggja öll til hermenn í norræna hersveit evrópska hraðliðsins, sem lýtur forystu Svía.

Jafnvel þótt komast þurfi að niðurstöðu um ýmis mál áður en unnt reynist að virkja ákvæði sameiginlegu öryggis- og varnarmálastefnunnar, bendir flest til þess að þróun stefnunnar á komandi árum muni að miklu leyti verða komin undir því hvernig aðildarríkjunum gengur að samhæfa ólíka hagsmuni sína og mismikinn pólitískan vilja til aðgerða á þessu sviði. Þótt aðildarríkin hafi ítrekað lýst sig samþykki því að stefnt skuli að því að auka hæfni sambandsins til að tala einni röddu hefur reynslan sýnt að öllu erfiðara er að hrinda þessu í framkvæmd þegar um umdeild utanríkismál er að ræða. Klofningurinn sem varð milli ESB-ríkjanna í afstöðunni til hernaðaríhlutunar í Írak er dæmi um mál þar sem sambandinu mistókst að koma sér saman um sameiginlega afstöðu. Ráðamenn í nokkrum kjarnaríkjum ESB – Frakklandi, Þýskalandi, Belgíu og Lúxemborg – ræddu á árinu 2003 hugmyndir um að stofna til nokkurs konar framvarðasveitar („harðs kjarna“) aðildarríkjanna sem gengju á undan með góðu fordæmi um eftt samráð á sviði utanríkis-, öryggis- og varnarmála. Vegna dræmra

¹ International Relations and Security Network, ISN, við ETH-háskólann í Zürich í Sviss. Sjá: <http://www.esdp-course.ethz.ch/content/>

Stjórnsmál og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

undirtekta og viðvörðunarorða um að þetta framtak gæti orðið til að grafa enn frekar undan NATO og tengslunum yfir Atlantshafið var horfið frá þessum hugmyndum.

Enda hefur þessi klofningur ekki breytt neinu um að Evrópuríkin eiga í nánun samstarfi við Bandaríkin á sviði öryggismála. ESB hefur jafnvel tekið að sér hlutverk í hinu „hnattræna stríði gegn hryðjuverkum,“ en vegna umræðunnar um fangaflug, leynifangelsi og pyntingar hefur stuðningur meðal almennings í ESB við þátttöku í því „stríði“ minnkað mjög. Hryðjuverkavarnasamstarf ESB er mest á sviði innanríkis- og dómsmála, þar á meðal Schengen-landamæragæzlu- og lögreglusamstarfið, sem Ísland er virkur þátttakandi í.

Ný öryggisstefna ESB

Síðla árs 2003, um tveimur árum eftir flugráns-hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin og í beinu framhaldi af klofningnum sem varð milli Evrópuríkjanna í afstöðunni til hernaðarhlutunarinnar í Írak, samþykktu leiðtogar ríkjanna svonefnda „öryggisstefnu Evrópu“, ESS (*European Security Strategy*). Undirtitill stefnunnar er „Örugg Evrópa í betri heimi“. Í þessu plaggi er farið ítarlega yfir þær ógnir og hættur sem Evrópusambandið stendur frammi fyrir í nútímanum. Auk þess eru þar rakin viðmið og grunnreglur um það hvernig sambandið hyggst bregðast við hinu nýja öryggismálaumhverfi.

Markmiðið að baki stefnunni er ljós: vilji Evrópusambandið ná árangri í að taka á nýjum ógnum á borð við hryðjuverk, svæðisbundin átök og skipulagða glæpastarfsemi er nauðsynlegt að samræma stefnu sambandsins á mörgum sviðum. Sambandið hefur þegar yfir að ráða ýmsum utanríkispolítískum tækjum, en að mati sérfróðra² á það enn eftir að læra að beita þessum verkfærum með skilvirkum hætti. Sambandið getur ekki einvörðungu notast við „gulrótar- og svipu-aðferðina“, heldur verður það að beita margbreyttari aðferðum og að vera fært um að grípa til þeirra þegar þurfa þykir.

Í lýsingu öryggismálastefnunnar er ofuráherzla lögð á þörfina á að beita samhæftri blöndu diplómátskra, efnahags-, viðskipta-, laga, lögreglu- og hernaðarlegra aðgerða. Þessi blanda hinna ýmsu utanríkispolítísku tækja endurspeglar vel hið breytta öryggismálaumhverfi eftir hryðjuverkaárásirnar 11. september 2001. Öryggis- og þróunarmál eru að verða æ samofnari. Krafa um ábyrga stjórnarhætti (*good governance*) í löndum sem þiggja þróunaraðstoð er ekki lengur aðeins tengd viðleitni inni til að byggja upp traust stjórnkerfi í þróunarlöndunum, heldur jafnvel enn frekar spurning um að uppræta stöðkerfi hryðjuverkamanna, svo sem peningaþvætti og ólögleg vopnaviðskipti.

Samverkandi þættir bæði af hernaðarlegum og öðrum toga endurspeglast líka í ákvæðum sameiginlegu öryggis- og varnarmálastefnunnar (ESDP). Grundvallarákvæðin snúast um áður nefnd Petersberg-verkefni. Samkvæmt ESS-stefnunni er kveðið á um að þessi megintæki ESDP verði samtvinnuð borgaralegum þáttum í heildstæða nálgun ESB að því að leysa vandann sem við er að etja í viðkomandi landi eða svæði. Það er ekki nóg að vinna stríðið, það þarf líka að „vinna friðinn“ svo að varanlegri stöðugleiki náist og þróunar- og uppbyggingaraðstoð geti fylgt í kjölfar hernaðarhlutunar. Með hernaðarhlutun er hægt að stia stríðandi fylkingum í sundur og jafnvel koma á vopnahléi, en jafnvel þótt það takist getur það aðeins verið fyrsta skrefið. Mesta áskorunin felst í því að koma á uppbyggilegri efnahags- og stjórnmálaþróun í samfélögum þar sem bræður hafa barizt og verið neyddir til að slíðra sverðin. Til þess þarf miklu meira en jafnvel heimsins öflugustu skriðdreka og stórskotalið.

ESDP og stjórnarskrársáttmáli ESB

Í stjórnarskrársáttmála ESB, sem strandaði með þjóðaratkvæðagreiðslunum í Frakklandi og Hollandi í fyrra, var kveðið á um að samræmi hinna mismunandi utanríkisstefnumiða sambandsins yrði bætt með því að skapa þeim einn og sama lagarammann. Utanríkis-, öryggis- og varnarmál ESB hafa hingað til verið meðhöndluð í sérstakri „stöð“ sambandsins, svonefndri þriðju stöð þess. Með því hafa þau verið aðskilin frá öðrum stefnumiðum sambandsins, svo sem í viðskipta- og þróunarmálum. Í stjórnarskrársáttmálanum var gert ráð fyrir því að þriggja stöða kerfið yrði aflagt og öll stefnumið sambandsins sameinuð innan eins og sama lagarammans. Að vísu er slíkur samræmdur lagagrundvöllur engin trygging fyrir auknu samræmi hinna ýmsu stefnumiða, en með því að viðhalda þrískiptingunni eru líkurnar tvímælalaust meiri á því að þær stefni hver í sína áttina án tillits til hinna.

² Sjá t.d. Niels Aadal Rasmussen: EU Global Power? Reflections on the European Security and Defence Policy after the failure of the 2004 Draft Constitutional Treaty, DIIS Report 2006:8.

Stjórnsmál og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

Í stjórnarskrársáttmálanum er gert ráð fyrir að eiginleg samræming hinna ýmsu utanríkisstefnumiða ESB verði í höndum utanríkisráðherra sambandsins. Þeim sem gegndi þessu nýja embætti var ætlað að vera bæði formaður utanríkismálaráðs sambandsins, sem í ættu sæti utanríkisráðherrar allra aðildarríkjanna, en að vera jafnframt einn af varaforsetum framkvæmdastjórnar ESB. Með þessari tvíkrýningu átti ESB-utanríkisráðherrann að tryggja betri samhæfingu milli framkvæmdastjórnarinnar og ráðherraráðsins og milli hinna ýmsu utanríkisstefnumiða.

Í aðalatriðum var gert ráð fyrir að utanríkisráðherrann myndi stýra utanríkis-, öryggis- og varnarmálastefnu sambandsins í umboði aðildarríkjanna, á grundvelli samþykktu leiðtogaráðsfunda.

Javier Solana, sem gegnt hefur embætti ædsta talsmanns ESB í utanríkis- og öryggismálum (e.: *High Representative for the CFSP*) frá því það var stofnað árið 1999 og hefði væntanlega orðið fyrsti ESB-utanríkisráðherrann, hefði fullgilding stjórnarskrársáttmálans ekki siglt í strand, hefur bent á fjögur atriði sem að sínu viti er brýnast að bæta úr til að efla sameiginlegu öryggis- og varnarmálastefnuna:


- 1) að efla varnargetuna með því að auka útgjöld til rannsókna og þróunar á þessu sviði og bæta úr tæknilegum vanköntum (svo sem herflutningagetu í lofti sem aðeins er brot af því sem Bandaríkjaher býr yfir) og ýta undir samvinnu ESB-þjóða eins og væru þær félagar á heræfingu;
- 2) að laga skipulag og stjórnun að kröfum tímans, þar á meðal almannavarnaviðbrögð við náttúruhamförum;
- 3) að leggja meira fé í aðgerðir í nafni sameiginlegu stefnunnar, sérstaklega fyrir borgaraleg verkefni;
- 4) að búa ESB undir meiri háttar aðgerð í Kosovo og bæta samhæfingu aðgerða í nafni ESB á vestanverðum Balkanskaga, einkum og sér í lagi gegn skipulagðri glæpastarfsemi.

Viðleitni til að bæta varnargetu ESB

Hvað varðar eigin varnargetu ESB má geta þess, að Evrópska varnarmálastofnunin, EDA, sem kveðið var á um í stjórnarskrársáttmálanum, er þegar tekin til starfa. Meðal verkefna Evrópsku varnarmálastofnunarinnar er að safna upplýsingum um hergagnaiðnað aðildarríkjanna í einn gagnagrunn svo menn viti betur hvar þeir standa í þessu sambandi. Eins og sakir standa verja Bandaríkjamenn margfalt meiru til rannsókna og þróunar á sviði varnarmála en Evrópumenn, en með því dragast hinir síðarnefndu enn frekar afturúr bandamanninum vestanhafs í þessu tilliti. Framkvæmdastjórn ESB hefur nú lagt fram áætlun sem miðar að því að skapa samræmdan Evrópumarkað með hergögn og auðvelda samvinnu og samkeppni yfir innri landamæri álfunnar á sviði hergagnaframleiðslu og –útboða. Allt í því skyni að bæta samkeppnishæfni evrópsks hergagnaiðnaðar og bæta nýtingu þeirra 160 milljarða evra, andvirði yfir 14.000 milljarða króna, sem ESB-ríkin 25 verja árlega til varnarmála.

Skipulag og stjórnun friðargæzlu- og átakastjórnunarverkefna á vegum ESB er nokkuð brotkennt enn sem komið er. Að teknu tilliti til þess að þau tólf verkefni sem í gangi eru á vegum sambandsins um þessar mundir víða um heim (þó aðallega í Evrópu og nágrenni, sjá töflu), eru við það að vera ESB-kerfinu ofraun er ljóst að betur má ef duga skal. Að sögn Niels Aadal Rasmussens, sérfræðings við dönsku alþjóðamálastofnunina DIIS, er brýn þörf á að endurbæta skipulagið, einkum og sér í lagi með það fyrir augum að samhæfa betur hernaðarlegar og borgaralegar aðgerðir. Þörfin á stjórnsýslulegri samhæfingu varð líka augljós í kring um flóðbylgjuhamfarirnar við Indlandshaf um jólin 2004, þegar hafa þurft uppá þúsundum ESB-borgara sem ýmist fórust eða týndust.

Stjórnmal og stjórnsýsla vef tímarit (fræðigreinar)



Heimild: Niels Aadal Rasmussen: EU Global Power? Reflections on the European Security and Defence Policy after the failure of the 2004 Draft Constitutional Treaty, DIIS Report 2006:8, bls. 14.

Af þessum nefndu verkefnum hafa liðsmenn Íslensku friðargæzlunnar tekið þátt í tveimur, það er EUPM í Bosníu, og CONCORDIA í Makedoníu, en það var fyrsta slíka verkefnið sem unnið var í nafni sameiginlegrar öryggis- og varnarmálastefnu ESB.

Verkaskipting NATO og ESB

„Harðar“ öryggisstryggingar, sambærilegar við þær sem fylgja NATO-aðild, býður Evrópusambandið ekki aðildarríkjum sínum uppá, enn sem komið er að minnsta kosti, og þaðan af síður ríkjum sem standa utan sambandsins. Í hinum strandaða stjórnarskrársáttmála var ákvæði um samstöðuskyldu aðildarríkjanna, en til að það græfi ekki undan sameiginlegum varnarskuldbindingum fimmtu greinar stofnsáttmála NATO (um að árás á eitt ríki jafngildi árás á þau öll) var þetta nýja ESB-samstöðuákvæði orðað veikar en ella. Þó er kveðið á um skyldu aðildarríkjanna til að koma öðru aðildarríki til aðstoðar, jafnvel með hernaðaraðstoð, ef það verður fyrir skakkaföllum á borð við hryðjuverk eða náttúruhamfarir. Varnir gegn hernaðarárás er með öðrum orðum áfram á ábyrgð NATO á meðan Evrópusambandið sinnir samhæfingu á öllum öðrum hliðum öryggismála, svo sem orku-, umhverfis-, farsóttu-, fjármála- og innra öryggi, auk varna gegn hryðjuverkum og smygli á hættulegum efnum (sem hægt væri að nota í sýkla-, efna- og geislunarvopn).

Almannavarnaviðbúnaður gegn náttúruhamförum heyrir líka undir þetta.

Þess má einnig geta að eftir hryðjuverkasprengingarnar í lestum í Madrid árið 2004 samþykktu ESB-þjóðirnar samstöðuþýfirlýsingu, þar sem kveðið er á um samstöðuskyldu af sama tagi og í stjórnarskrársáttmáladrögunum, en hún er enn í fullu gildi.

„Væri Ísland fullgildur aðili að Evrópusambandinu er alveg ljóst í mínum huga að það væri nú þegar komin í gang marvíslegt samráð um að móta nýja öryggismálastefnu, svo sem með tilliti til orkuöryggis. ESB er sem stendur mjög utþekið af því að efla evrópskt samstarf á þessu sviði. Það er eitt af því sem Ísland stendur alveg utan við en gæti grætt á að vera þátttakandi í,“ tjáði Alyson Bailes, forstöðumaður sænsku friðarrannsóknastofnunarinnar SIPRI, undirrituðum í viðtali fyrir Fréttablaðið fyrir skemmstu.

Bailes bendir á, að helztu ógnir nútímans kalli ekki á hernaðarleg viðbrögð og það drægi í raun úr gildi NATO. NATO geti ekki haft forystu um þær hliðar öryggismála sem nú á dögum skipta mestu. ESB sé vettvangurinn til samhæfingar lausna í þeim málum og jafnframt sá vettvangur sem Bandaríkjastjórn leit til um samstarf í þessum „mýkri“ hliðum öryggismálanna. Hernaðarhlið ESB-

Hvað býður Evrópa?

Um varnarþarfir Íslands og öryggis- og varnarmálastefnu Evrópusambandsins

Stjórnsmál og stjórnsýsla vef tímarit (fræðigreinar)

samstarfsins hefur þó verið að taka á sig æ fleiri myndir og aldrei að vita hvað úr því kann að verða þegar fram líða stundir. Í bili má þó slá því föstu að ekki er útlit fyrir að nein grundvallarbreyting verði á verkaskiptingu NATO og ESB í Evrópu í fyrirsjáanlegri framtíð, þar sem NATO er ábyrgt fyrir öryggistryggingum gegn hefðbundnum hernaðarógnum, en ESB fyrir öðrum þáttum öryggismála, en það eru einmitt þeir þættir sem hafa vaxið mest að vægi frá því kalda stríðinu lauk og sérstaklega síðan hryðjuverkaárásirnar voru gerðar á Bandaríkin 11. september 2001.